

## **54. fundur háskólaráðs, haldinn 20. janúar 2016, kl. 13:00.**

Fundarstaður Síðumúli 2, Reykjavík – fundarsalur Ferðaþjónustu bænda. Mætt voru: Erla Björk Örnólfsdóttir (EBÖ), Sveinn Ragnarsson (SR), Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (GPÖ), Jón E. Friðriksson (JEF), Katrín Sigurðardóttir (KS) og Sævar Skaptason (SS). Jónína Lilja Pálmadóttir var fjarverandi. Hjördís Gísladóttir ritaði fundargerð.

EBÖ setti fundinn (kl. 13:08). Áður en gengið var til dagskrár var fundargerðar síðasta fundar undirrituð.

Dagskrá:

1. Rekstraráætlun Háskólans á Hólum árið 2017.
2. Jafnréttisáætlun háskólans.
3. Skipunartími rektors.
4. Önnur mál.

EBÖ bar dagskrá fundarins upp til samþykktar, og lagði til að röðun dagskrárliða yrði breytt, þannig að 3. liður – skipunartími rektors – færðist aftast. Samþykkt samhljóða, og síðan gengið til dagskrár.

### **1. Rekstraráætlun Háskólans á Hólum árið 2017**

EBÖ skýrði framlagða rekstraráætlun, sem hefur tekið jákvæðum breytingum vegna ákvarðana fjárlaganefndar, og nú er gert ráð fyrir rekstrarafgangi árið 2017.

GPÖ og JEF spurðu nánar út í liði varðandi húsnæði og bifreiðar, EBÖ skýrði tölur að baki þeim.

EBÖ tók fram að sérstakt framlag frá ríkinu, sem nemur um 60 milljónum króna, komi ekki fram í rekstraráætluninni. Þetta fé er sérmerkt til aðgerða í skólpmálum Hólastaðar, og mun renna óskipt til Sveitarfélagsins Skagafjarðar (í gegnum reikning Háskólans á Hólum), þannig að það mun ekki hafa nein áhrif, til eða frá, á rekstur Háskólans á Hólum. EBÖ bar áætlunina upp og hún samþykkt samhljóða.

### **2. Jafnréttisáætlun Háskólans á Hólum 2017 – 2019**

EBÖ kynnti áætlunina, sem í grunninn er óbreytt frá 2013, en tölur hafa þó breyst og gefa til kynna vaxandi ójöfnuð í kynjahlutföllum, karlmönnum í óhag. GPÖ tók til máls og skýrði frá því að sama tilhneiging kæmi fram á háskólastiginu almennt, en væri þó enn sterkari hér en á hinum Norðurlöndunum.

EBÖ lét þess getið að í næstu endurskoðun jafnréttisáætlunar skólans verði unnið á breiðari grundvelli en hingað til og horft verði til fleiri atriða en jafnréttis kynjanna. Einnig vakti hún athygli á þátttöku Háskólans á Hólum í Jafnréttisdögum háskólanna. Áætlunin borin upp og samþykkt samhljóða.

### **3. Skipunartími rektors**

Samkvæmt framanskráðri breytingu á dagskrá færðist þessi liður aftast, sjá þar í

fundargerð.

**4. Önnur mál**

- a.** EBÖ sagði frá framvindu máls Nemendagarða Háskólans á Hólum,
- b.** EBÖ skýrði frá því að einhverjar þreifingar væru varðandi tilboð í þann hluta Nemendagarða, sem auglýstur hefur verið til sölu. Annað staka húsið hefur þegar verið selt; kaupendur eru starfsmenn skólans.

## **54. fundur háskólaráðs, haldinn 20. janúar 2016, kl. 13:00.**

### **Dagskrárliður 3, skipunartími rektors**

EBÖ vék af fundi undir þessum lið, SR tók við fundarstjórn.

Allir fundarmenn (KS, GPG, SS, JEF og SR) tóku til máls og lýstu sinni sýn á málið. Í kjölfarið fylgdu alllangar umræður, sem leiddu til eftirfarandi bókana:

#### *Bókun 1:*

Háskólaráð Háskólans á Hólum styður Erlu Björk Örnólfsdóttur til áframhaldandi starfa sem rektor skólans.

#### *Bókun 2:*

Niðurstöður rekstraráætlunar Háskólans á Hólum fyrir árið 2017 gefa til kynna bættu stöðu og þar með ákveðinn meðbyr. Háskólaráð Háskólans á Hólum lítur á þennan meðbyr sem tækifæri til eflingar innra starfs skólans, með bætt starfsumhverfi og aukna vellíðan starfsfólks í fyrirrúmi. Bættu stöðu Háskólans á Hólum þarf að nýta til þess að auka samheldni og ánægju starfsmanna og leggur háskólaráð til að fengnir verði utanaðkomandi sérfræðingar til þess að auðvelda stjórnendum skólans að ná þeim markmiðum.

Næsti fundur háskólaráðs er áætlaður í viku 6.

Fundi lauk kl. 15:12.